

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Grindavíkurbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Grindavíkurbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð í Grindavík og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Sorpgjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpílata sem eru við heimili og er sem hér segir:

<i>Stærð sorpílata</i>	<i>Úrgangsflokkur</i>	<i>Sorpgjald á ári</i>
140 lítrar	Lífrænt	20.000
240 lítrar	Almennt/lífrænt, tvískipt tunna	31.331
240 lítrar	Almennt sorp	29.831
240 lítrar	Plast og pappír	22.500
240 lítrar	Pappír	10.500
240 lítrar	Plast	10.500
660 lítrar	Almennt sorp	115.000
660 lítrar	Plast og pappír	95.000
660 lítrar	Pappír	45.000
660 lítrar	Plast	45.000

#### 4. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar 30. maí 2023, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ, nr. 1533/2022.

#### 6. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Frá 1. júlí 2023 til ársloka skal einungis innheimta 50% af þeim gjöldum sem tiltekin eru í 3. gr.

*Grindavík, 1. júní 2023.*

**Fannar Jónasson** bæjarstjóri.